

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 7. maí 2014 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-84/2013:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 27. september sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hún telur vera á bifreið, sem hún keypti af Y, hér eftir einnig nefndur seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi greiði sér skaðabætur.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 30. september sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 10. október. Með bréfi, dags. 16. október, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 27. október. Með bréfi, dags. 1. nóvember, var seljanda gefinn kostur á að koma að frekari andsvörum og bárust þau hinn 12. nóvember. Með bréfi, dags. 21. nóvember, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að koma að frekari athugasemdum og bárust þær hinn 14. janúar. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 5. maí, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 1. júlí 2013 keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda fyrir kr. 2.000.000. Var bifreiðin af gerðinni Skoda Octavia Ambiente Combi 4x4, árgerð 2007, fyrst skráð 27. júlí 2007, ekin um 127.000 km. Segir álitsbeiðandi að rétt fyrir kaupin hafi komið upp bilun í bifreiðinni og hafi verið samið um það að seljanda léti gera við bilunina fyrir afhendingu. Þegar álitsbeiðandi hafði ekið bifreiðinni um 150 km eftir kaupin kom sama bilun hins vegar aftur upp. Telur álitsbeiðandi að sú bilanagreining sem framkvæmd var á bifreiðinni fyrir kaupin hafi líklega verið röng eða ófullnægjandi. Í fyrri viðgerðinni hafði verið um svokallaðan EGR ventil að ræða, en í síðari viðgerðinni kom í ljós að bilunina mátti rekja til EGR hitanema. Þá bendir álitsbeiðandi á að ekki hafði verið skipt um tímareim í bifreiðinni, en það hefði átt að vera gert við 5 ára aldur bifreiðarinnar eða þegar henni hafði verið ekið 100.000 km. Seljandi hafi lýst bifreiðinni sem vel við haldinni og vel þjónustaðri af umboði, en álitsbeiðandi telur að þær fullyrðingar geti vart staðist í ljósi þess að ekki hafði verið skipt um tímareim.

Gerir álitsbeiðandi þá kröfu að seljandi greiði sér viðgerðarkostnað vegna viðgerðar á bifreiðinni vegna EGR hitanema, samtals kr. 112.033. Þá gerir álitsbeiðandi einnig kröfu um að seljandi greiði sér kostnað vegna kaupa á varahlutum vegna tímareimaskipta, samtals kr. 33.123. Álitsbeiðandi segist hins vegar vera tilbúin til að taka sjálf á sig kostnað vegna vinnu við að skipta um tímareim auk þess sem hún kveðst ekki gera kröfu vegna afnotamissis á bifreiðinni á meðan á viðgerðum stóð.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er m.a. afrit af tveimur reikningum frá verkstæði vegna bilunargreininga og viðgerðar vegna EGR hitanema, dags. 6. og 16. ágúst 2013, að fjárhæð samtals kr. 112.033, afrit af kaupsamningi og afsali, dags. 1. júlí 2013 og afrit af tölvupóstsamskiptum aðila málsins.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur m.a. fram að viðskipti hans við álitsbeiðanda hafi verið fólgin í bifreiðaskiptum. Seljandi hafi látið af hendi til álitsbeiðanda bifreiðina xx-000 af gerðinni Skoda Octavia, árgerð 2007 og fengið í staðinn bifreiðina xx-000 af gerðinni Subaru Forester, árgerð 2009. Þegar viðskiptin fóru fram hafi Subaru bifreiðin verið nýttjónuð og hafi strax verið farið með hana á rétttingaverkstæði á Akureyri, tjónið myndað, skráð og metið. Ljóst hafi verið að um tryggingatjón var að ræða sem seljandi ætlaði að tilkynna og sjá um að bæta að öllu leyti og segir seljandi að álitsbeiðandi hafi sagt sjálfsábyrgð sína vegna tjónsins kr. 27.000. Álitsbeiðandi hafi hins vegar ekki látið verða af því að tilkynna tjónið. Þá rekur seljandi að bifreiðin xx-000 hafi, sama dag og viðskiptin fóru fram, verið sóttur úr viðgerð á viðurkenndu þjónustuverkstæði þýskra bifreiða, þar sem settur hafi verið í bifreiðina nýr EGR ventill skv. bilanaleit og yfirferð hjá umboði bifreiðarinnar á Akureyri. Síðar sama dag segir seljandi að álitsbeiðandi hafi tilkynnt sér að vélarljós hafi kviknað í mælaborði xx-000. Síðar var ljóst að ljósið kviknaði vegna EGR ventils. Fór bifreiðin tvisvar í viðgerð í kjölfarið og var kostnaður vegna viðgerðarinnar kr. 112.033. Segir seljandi að val álitsbeiðanda á verkstæði og ákvarðanir um framkvæmd viðgerðanna, hafi verið teknar einhliða af henni.

Seljandi tekur sérstaklega fram að hann hafni kröfum álitsbeiðanda um að taka á sig kostnað vegna tímareimaskipta. Bendir seljandi á að skoðunarskylda kaupanda sé alger og komi hún að ástandi því sem bifreiðin var seld í og þess viðhalds sem framkvæmt hafði verið á henni. Ástand bifreiðarinnar og viðhald hafi að öllu leyti verið sýnilegt á söludegi og vísar seljandi fullyrðingum um annað á bug. Þá segir seljandi að ljóst sé að endurteknar viðgerðir á hinum nýja EGR ventli sem settur hafi verið í bifreiðina á söludegi, hafi tekið samtals. 7,25 klst., en ekki 10 daga líkt og haldið hafi verið fram. Þá sé einnig ljóst að umboð bifreiðarinnar mæli ekki gegn eðlilegri notkun hennar á meðan beðið hafi verið eftir varahlut eða frekari bilana leitað.

Að lokum gerir seljandi þá tillögu að sátt í málinu að viðgerðarkostnaður vegna xx-000, kr. 112.033 verði dreginn frá sjálfsábyrgð seljanda vegna tjóns á xx-000, kr. 27.000. Eftirstöðvar verði þannig kr. 86.033. Telur seljandi síðan eðlilegt að þeirri fjárhæð verði skipt í þrennt milli sín, fyrri eiganda xx-000 og álitsbeiðanda, samtals kr. 28.678 á hvern aðila, með þeirri niðurstöðu að álitsbeiðandi fái greiddar kr. 57.356 samtals.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda kemur m.a. fram að álitsbeiðandi hafi ekki bókað tjón á bifreiðinni xx-000 þar sem seljandi hafi ekki gert upp við sig. Þá tekur álitsbeiðandi fram að hún vilji helst ekki blanda því tjóni við uppgjör hennar við seljanda. Eins lýsir álitsbeiðandi sig mótfallna því að draga fyrri eiganda bifreiðarinnar xx-000 inn í málið, enda hafi hún aldrei átt í samskiptum við þann aðila. Þá ítrekar álitsbeiðandi að hún telji seljanda bera ábyrgð á bilun á EGR hitanemanum enda hafi hann bilað mjög skömmu eftir kaupin.

VI

Frekari andsvör seljanda

Í frekari andsvörum seljanda kemur m.a. fram að seljandi telur að bifreiðin sem hann seldi hafi verið í fullkomnu lagi á kaupdegi, en sú bifreið sem hann fékk í hennar stað sé enn tjónuð og krefst hann þess að álitsbeiðandi standi við loforð sín um að láta framkvæma viðgerð á þeirri bifreið.

VII

Frekari athugasemdir álitsbeiðanda

Í frekari athugasemdum álitsbeiðanda er það ítrekað að bifreiðin xx-000 hafi bilað innan við tveimur tímum eftir afhendingu og að ábyrgðin í því hljóti að vera seljanda. Þá ítrekar álitsbeiðandi að hún muni ganga frá því að bóka tjón á bifreiðinni xx-000 um leið og seljandi geri upp við sig.

VIII

Niðurstaða kærunevndarinnar

Kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nevndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir 48/2003 um neytendakaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunevndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og að framan er rakið skiptu álitsbeiðandi og seljandi á bifreiðum hinn 1. júlí 2013, að því er virðist án milligreiðslu. Lét álitsbeiðandi af hendi bifreiðina xx-000, sem er af gerðinni Subaru Forester árgerð 2009, fyrst skráð 22. september 2009. Hennar í stað afhenti seljandi henni bifreiðina xx-000. Sú bifreið er af gerðinni Skoda Octavia árgerð 2007, fyrst skráð hinn 27. júlí 2007.

Bifreiðin sem álitsbeiðandi fékk afhenta var því rétt tæplega 6 ára á kaupdegi samkvæmt því sem fram kemur í kaupsamningi og afsali, og af gögnum máls hafði henni verið ekið um 127.000 km. Í kaupsamningi og afsali fyrir umþrættri bifreið, dags. 1. júlí 2013, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. [...] Kaupandi staðfestir að bifreiðasali hefur vakið athygli hans á þeim rétti sínum að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins. Einnig er bent á skoðunarskyldu kaupanda.“

Samkvæmt þessum ákvæðum kaupsamningsins falla kaupin á bifreið álitsbeiðanda undir 17. gr. neytendakaupalaga sem nær til sölu hlutar „í því ástandi sem hann er“ og sölu hluta á uppboði. Sala á notuðum hlutum fellur því alla jafna undir þessi lagaákvæði. Í 1. mgr. 17. gr. segir m.a.:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í 1. mgr. 16. gr. sem vísað er til í 17. gr. segir m.a. að söluhlutur teljist vera gallaður ef ákveðin atvik eða aðstæður eru fyrir hendi. Liðir b og c hljóða svo:

- „b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin
- c. hann [söluhluturinn] svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin.“

Þá segir ennfremur í 3. mgr. 16. gr. neytendakaupalaga að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. Í

framangreindum ákvæðum er kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Í kaupsamningi og afsali kemur fram að álitsbeiðandi staðfestir að seljandi hafi vakið athygli hans á því að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins. Ekkert kemur fram í skjölum málsins að álitsbeiðandi hafi gert það. Engar haldbærar upplýsingar hafa komið fram um það hvort verð á bifreiðinni hafi á þeim tíma er kaupin fóru fram verið svipað og viðmiðunarverð á sambærilegum bifreiðum en skv. gögnum málsins virðast aðilar hafa skipt á tveimur bifreiðum án milligreiðslu.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að fátt bendi til þess að bifreiðin svaraði ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hafði gefið um hana, sbr. c-lið 1. mgr. 16. gr. en almennar yfirlýsingar við sölu um að bifreiðinni hafi verið vel við haldið og að hún hafi verið vel þjónustuð getur almennt séð ekki leitt til þess að fallist sé á að bifreið sé haldin galla í skilningi c-liðar 1. mgr. 16. gr. Getur kærunefndin því ekki fallist á að það að nauðsynlegt hafi reynst að skipta um tímareim í bifreiðinni skömmu eftir kaupin, geti talist til galla og verður því að hafna kröfum álitsbeiðanda þar að lútandi.

Nefndin telur jafnframt vandséð að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skiptu um bifreiðina, sbr. b-lið 1. mgr. 16. gr.

Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið mun verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. laganna. Svo sem greinir í álitsbeiðni sömdu aðilar um að seljandi léti á sinn kostnað gera við bilun sem upp kom í bifreiðinni fyrir kaupin. Í viðgerðinni var skipt um svokallaðan EGR ventil. Skömmu eftir afhendingu, þ.e. síðar sama dag, kom hins vegar sama bilun upp aftur og í viðgerð sem framkvæmd var í kjölfarið kom í ljós að bilunin var rakin EGR skynjara en ekki EGR ventils. Samkvæmt framlögðum reikningi var kostnaður álitsbeiðanda vegna þessa kr. 112.033. Í ljósi þess að aðilar sömdu um að seljandi bæri ábyrgð á að lagfæra umrætt atriði fyrir kaupin, verður álitsbeiðandi ekki látinn bera hallan af því að sú viðgerð mistókst. Er það því mat kærunefndarinnar að ástand bifreiðarinnar hafi hvað þetta varðar verið mun verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. laganna.

Í 26. gr. laga nr. 48/2003 segir að reynist söluhlutur gallaður og gallinn hvorki sök kaupanda né stafi af aðstæðum sem hann varða geti neytandi samkvæmt ákvæðum 29. – 33. gr. laganna krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr. Álitsbeiðandi hefur í máli þessu krafist skaðabóta skv. framlögðum reikningum að fjárhæð kr. 112.033 og telur kærunefndin rétt að fallast á þá kröfu. Kærunefndin tekur rétt að taka fram að ekki er útilokað að seljandi eigi kröfu á fyrri eigandi bifreiðarinnar xx-000 vegna þessa galla, en þar sem sá aðili er ekki aðili að þessu máli tekur kærunefndin ekki afstöðu til þess. Þá vill kærunefndin benda á að álitsbeiðanda er jafnframt skylt að ganga frá tilkynningum vegna tjóns á bifreiðinni xx-000 ásamt þeim kostnaði sem af því hlýst.

IX

Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 112.033.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir